

Umsögn

um skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Umhverfis- og samgöngunefnd barst erindi atvinnuveganefndar Alþingis, dags 13. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu, sbr. þingskjal 59 í 59. máli.

Nefndin hefur fjallað um málið. Í formála skýrslunnar kemur fram að hópnum sem vann skýrsluna hafi verið ætlað að greina samfélagsleg og þjóðhagsleg áhrif verkefnisins, tæknileg og umhverfisleg atriði ásamt greiningu á lagaumhverfi og milliríkjasamningum. Nefndin telur að skoða þurfi hvort nauðsynlegt er að afla aukinnar orku innan lands ef ráðast eigi í gerð sæstrengs á milli Íslands og Evrópu. Umhverfisþáttur verkefnisins er mjög mikilvægur þar sem ljóst er að mögulega þurfi að virkja til að eiga rafmagn í strenginn. Þá telur nefndin að rannsaka beri sérstaklega hvort og þá hver áhættan yrði af umhverfisáhrifum á hafsbotni.

Þá tekur nefndin undir með Umhverfisstofnun að eðlilegt væri að beina frekari vinnslu málsins ef úr verður í farveg umhverfismats áætlana, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, en markmið þeirra laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.

Nefndin tekur ekki afstöðu til lagningar sæstrengs. Nefndin tekur undir með umsagnaraðilum að frekari gagna þurfi að afla og gera skuli frekari rannsóknir áður en ákvörðun er tekin í málinu og ítrekar að áhersla skuli lögð á umhverfisþátt verkefnisins. Þá bendir hún á að við frekari rannsóknir sé mikilvægt að haft sé samráð við Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnun sem og frjáls hagsmunasamtök.

Alþingi, 11. desember 2013.

Höskuldur Þórhallsson, form.

Katrín Júlíusdóttir.

Haraldur Einarsson.

Birgir Ármannsson.

Katrín Jakobsdóttir.

Róbert Marshall.